

- Heildarstærð atvinnuhúsnaðis í Garðabæ austur (svæði 17a) árið 2004 verður 429.000 m² í stað 359.000 m².
- Heildarstærð atvinnuhúsnaðis í Garðabæ vestur (svæði 17b) árið 2004 verður 97.000 m² í stað 167.000 m².

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 15. apríl 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, Eyravegur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. apríl 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015 frá 4. september 1996.

Breytingin felst í því að 1,8 ha svæði sem afmarkast af Eyravegi, Fossvegi, íbúðarsvæðinu Fosslandi og eignarmörkum sveitarfélagsins og Hagalands breytist úr blönduðu svæði verslunar- og þjónustu, þjónustustofnana og athafnasvæðis í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 15. apríl 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Höfðasels, Höfðaseli 2 – 4.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 8. mars 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í Höfðaseli á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að lóðir nr. 2 og 4 við Höfðasel eru báðar stækkaðar um 57 metra til suðvesturs og hluti lóðar Höfðasels 2 stækkar enn fremur um 4 metra við hluta aðliggj-

andi lóðarmarka Höfðasels 4. Stærð lóðar nr. 2 var 9.200 m² en verður 15.983 m² og er byggingarreitur á lóðinni fyrir skrifstofu- og starfsmannahús og framleiðslubyggingar. Nýtingarhlutfall verður 0,6. Lóð Höfðasels 4 stækkar úr 10.851 m² í 16.323 m². Nýtingarhlutfall lóðar verður 0,6. Frárennslisskurður er færður um 40 m og út fyrir ný lóðarmörk beggja lóða.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 19. apríl 2005.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

Þorvaldur Vestmann.